



**Árþing Bandalags Íslenskra Græðara 2010**  
Haldið í Íþróttamiðstöðinni Laugardal, Engjavegi 6, Reykjavík  
Laugardaginn 24. apríl 2010

**1. Þingsetning**

Formaður bandalagsins, Lilja Oddsdóttir setti þingið kl 10.00 og lýsti því yfir að til þess væri löglega boðað.

**2. Kosning forseta og þingritara**

Þingforseti var kosin Preben J Pétursson, varaþingforseti Ragnheiður Guðnadóttir. Þingritari var kosinn Ágústa K Andersen og varaþingritari Anna Svava Traustadóttir.

**3. Kynning þingfulltrúa**

Fulltrúar aðildarfélaganna á þinginu kynntu sig með nafni og hvers fulltrúi þau væru.

**4. Fundargerðir**

Birna Imsland las fundargerð síðasta bandalagsþings 2009 sem var samþykkt án athugasemda.

**5. Skýrsla formanns**

Lilja Oddsdóttir formaður byrjar á að biðja alla viðstadda að minnast látinna félaga með því að rísa á fætur og hafa stutta þögn. Flutti skýrslu formanns og fór yfir helstu atriði starfsársins 2009 – 2010.

Aðildarfélögin greiddu árgjöld fyrir 552 félaga. 165 skráðir græðarar í kerfinu.

Hefðbundnir fundir, vísar til fundagerða sem eru mjög miklar og ítarlegar.

Fundir með heilbrigðisráðherra þar sem VASK mál voru rædd.

Dagur græðara, tókst með miklum ágætum, margir fyrirlestrar og gestir á annað hundrað. Minnst á áform um svokallaðan „Bylgjudag“ sem yrðu opnir dagar græðara sem væru kynning á störfum græðara, brú til heilbrigðiskerfisins, stuðningur við aðildarfélög og vettvangur græðara. Liður í að tryggja sérstöðu og sterka mynd íslenskra græðara í samfélaginu.

NSK á Íslandi, fundur í október 2009 þar sem þrjár erlendar fulltrúar voru mættir. Fundað var með fulltrúa Heilbrigðisráðuneytis og fulltrúum NSK að ósk formannsins Susanne Nordling.

Fer yfir kostnað vegna funda NKS hér heima og erlendis undanfarin þrjú ár;

2007: 170.000 kr.  
2008: 212.570 kr.  
2009: 261.000 kr.

Ársfundur NSK verður haldin í Tromsø í maí 2010 og er stór ráðstefna. Varpar fram þeim hugmyndum að það ætti að vera hægt að fækka fundum og haf a þá fjarfundi í þeirra stað, og fjölga mætti fulltrúum þannig sem taka þátt.

Yfirlit yfir fjárhag BÍG undanfarin þrjú ár til að gefa yfirsýn yfir helstu tekju- og útgjaldaliði. Tekjur af félagsgjöldum hafa hækkað, en á móti kemur að liðir eins og húsaleiga og árgjald NSK hafa hækkað töluvert á þessu tímabili.

Skráningakerfið er sjálfstæður rekstur innan BÍG, en er þó ekki með sér kennitölu. Árið 2008 var fjárhagsstaðan sú að kerfið átti 1.444.00 kr., en árið 2009 1.074.00 kr, en launagreiðslur og auglýsingagjöld minnkuðu hann á milli ára. Ýmislegt getur breytt fyrirkomulagi kerfisins á framtíðinni, eins og hýsing á netinu, breytt starfsmannþörf og að ná skráningum upp í 500 talsins, fáar nýskráningar voru á árinu og fáar umsóknir. Áslaug Maack verktaki er endurráðin til árs til að halda utan um skráningakerfið.

Tíu ára afmæli BÍG þann 30. nóvember 2010 og fimm ár frá því að Lög um græðara gengu í gildi. Endurskoðun þeirra stendur til samkvæmt lögum. Óskað er eftir athugasemdum græðara og laganevnd er starfandi. Ennfremur er skráningakerfið fjögurra ára.

Óskir félaganna um starfsemi BÍG þyrftu að komast skýrt til skila svo bandalagið geti þjónað öllum félögum sínum. Dreifa mætti verkefnum á félögin í stað þess að búa til nefndir. Til dæmis gæti ábyrgð á Degi græðara vera til skiptis hjá aðildarfélögum en ekki endilega á ábyrgð stjórnar. Vettvangur fyrir skoðanaskipti og upplýsingaflæði er mikilvægur ef við viljum vera ein heild, einn samstæður hópur.

## **6. Reikningar**

Ársreikningar BÍG 2009, endurskoðaðir og áritaðir af þeim Hallfríði M Pálsdóttur og Kristínu S Valgeirsdóttur lagðir fram til samþykktar af Jóhönnu K Berg gjaldkera. Spurt var úti auglýsingakostnað en að fengnum útskýringum voru reikningar samþykktir.

## **7. Skýrslur aðildarféлага**

ATFÍ: Kristín Valgeirsdóttir. Hún sjálf er nýkjörin formaður félagsins. Breytingar á lögum félagsins og siðareglum hafa átt sér stað. Margt nýtt fólk í stjórn þess, þakkar gömlum stjórnarmönnum gott starf. Kynningarbæklingur leit dagsins ljós á árinu.

Cranio félagið: Birna Imsland staðgengill formanns. Ný stjórn tók við, formaður Stefánía

S. Ólafsdóttir. Fjórir stjórnarfundir á hverju ári, lagt uppúr skemmtilegheitum og eflingu félagsanda. Kosið í fræðslu- og skemmtinefnd. Hafa unnið að upplýsingaöflun í gegnum heimasíðu, auglýsingar, bæklinga. Kynningarefni í smíðum sem á að fara með í opinberar stofnanir, hafa Cranio-daga árlega einnig, mætti vera á vegum beggja cranio-félaga. Hvetja til þess að vera á varðbergi gagnvart ólærðum aðilum. Verið að móta nám og endurmenntun. Framtíðarsýn um Cranio miðstöð þar sem Höfuðbeina-spjaldhryggjafnarar vinni saman í samvinnu við heilbrigðisgeirann og séu sýnilega í samfélaginu.

CSFÍ: Freygerður A. Ólafsdóttir. Stjórnin hélt 3 fundi á árinu, hafa mikil samskipti á netinu vegna búsetu stjórnarmanna úti á landi. Heimasíða félagsins komin í hendur stjórnar, og hún uppfærð. Þakkar félögum sem hafa unnið gott starf innan BÍG. Nýir félagar bæst við á árinu og veittur styrkur til rannsókna á áhrifum höfuðbeina – og spjaldhryggjar meðferðar. Lagabreytingar hafa átt sér stað og fréttabréf sent út til félagsmanna. Samþykkt að leggja niður félagsgjöld fyrir stjórnarmenn.

FIHN: Preben J. Pétursson. Stjórnarmenn búa víða á landinu, halda góðu sambandi í síma, en formlegir fundir þess vegna færri. Halda utanum og þróa nuddskólann í samvinnu við Fjölbautaskólann í Ármúla. Verið að aðlaga námið að VASK kerfinu, það sé mikilvægt. Meistararéttindi nuddara lögð niður, skráning í skráningakerfi græðara lagt að jöfnu. Aðeins 9 nuddarar af 180 félögum skráðir græðarar. Erfitt að manna nefndir BÍG. VASK málin spili þar inn í, umræða um þessi mál nauðsynleg.

FL: Lilja Oddsdóttir. Félagið verið rólegt í sínum störfum undanfarið ár. Fjórir fullgildir félagsmenn, þar af tveir í störfum fyrir BÍG. 14 nýir aukafélagar bættust í hópinn í vetur, sem ættu að verða fullgildir í sumar. Bjartsýni ríkir vegna þessa.

Organon: Erla Viggósdóttir. 10 ár liðin frá stofnun Organon í fyrra, og til þess að halda uppá tímamótin var fengin heimsfrægur hómópati til að halda fyrirlestur, sem um 70 hómópatar nutu. Súpufundur einu sinni í mánuði, og snældufélag sömuleiðis. Haldin var fræðslufundur um elementin fimm einnig. Missir tveggja félagsmanna sem féllu frá á árinu var mikill.

SFÍ: Eygló Þorgeirsdóttir. 4 félagsmenn, þar af eru tveir starfandi sem hafa hist tvisvar á þessu ári. Mikið álag að manna störf innan BÍG, mælist til þess að þetta verði endurskoðað. Hugmyndir um að bjóða upp á nám í Shiatsu svo bæta megi menntun þeirra sem nota nafnið án þess að hafa til þess tilskilin réttindi, minnst á nauðsyn þess að koma skikk á þau mál með einhverjum ráðum.

SMFÍ: Sonja Arnarsdóttir. Talverðar breytingar á stjórn, 4 nýir stjórnarmenn. Fræðslunefnd sett á laggirnar, unnið að því að virkja félagsmenn. Heimasíða og ofl gert til að ná til félagsmanna. Fræðslukvöld sem var vel sótt var haldið. Ánægja með að sýna samstöðu innan BÍG.

SSOVÍ: Anna S Traustadóttir. 50 fullgildir félagar, af þeim 23 skráðir græðarar. 10 stjórnarfundir haldnir á árinu, litlu jól og tvö fréttabréf. Aðalfundur alltaf haldin í tengslum við nuddmót eina vorhelgi á ári. Heimasíða félagsins opnuð. Nefnir rannsóknir sem hafa verið gerðar og eru í vinnslu sem fjalla um áhrif svæðameðferðar. Félagar virkir í símenntun, og þakkir eiga þeir sem hafa lagt á sig mikla vinnu fyrir félagið og BÍG. Minnir á mikilvægi samstöðu innan og milli félaga.

## 8. Lagabreytingar.

Tillaga stjórnar BÍG um breytingar á 3. grein laga, varðandi auknar kröfur um skyndihjálparréttindi. Nokkrar umræður urðu, ekki talið að það væri í umsjá BÍG að gera þessar auknu kröfur. Tillaga felld.

### Tillaga stjórnar BÍG um breytingar á 4. grein laga, varðandi siðanefnd:

„Siðanefnd BÍG skal starfa óháð stjórn BÍG. Hún skal skipuð þremur fulltrúum og þremur til vara hverjum úr sínu félagi. Skulu þeir kjörnir til tveggja ára á ársþingi BÍG og hvorki sitja sem aðal- né varamenn í siðanefnd eigin félags. Nefndarfulltrúarnir kjósa formann úr eigin hópi og er hann oddamaður nefndarinnar og tengiliður við stjórn bandalagsins. Að öðru leyti skiptir nefndin með sér verkum. Varamaður hefur ekki atkvæðisrétt nema í fjarveru aðalmanns. Boðað skal skriflega til funda og fundargerðir skráðar. Nefndin tekur fyrir mál sem einstakir félagsmenn aðildarfélaga skjóta til áfrýjunar séu þeir ósáttir við úrskurð siðanefndar eigin fagfélags. Í því tilviki vikur fulltrúi viðkomandi fagfélags af fundi og varamaður tekur við meðan nefndin fjallar um málið. Einnig getur nefndin tekið upp mál að *eigin frumkvæði* eða frumkvæði stjórnar BÍG. Úrskurði nefndarinnar skal meðhöndla sem trúnaðarmál. Þeir skulu vera skriflegir og birtir málsaðilum, stjórn BÍG og stjórn og siðanefnd viðkomandi aðildarfélags.“

### Breytingartillaga Organon við breytingartillögu BÍG:

„Siðanefnd BÍG er *sjálfstæð nefnd* og starfar óháð stjórn BÍG, skipuð þremur fulltrúum

og þremur til vara og koma *þeir úr siðanefndum aðildarfélaganna, hverjum úr sínu félaginu*. Nefndarfulltrúar kjósa formann úr eigin hópi og er hann oddamaður nefndarinnar og tengiliður við *stjórn BÍG*. Varamaður hefur ekki atkvæðisrétt nema í fjarveru aðalmanns. Boðað skal til funda skriflega *og með tölvupósti* og skulu fundargerðir skráðar. Nefndin tekur fyrir mál sem einstakir félagsmenn aðildarfélaga skjóta til áfrýjunar, séu þeir ósáttir við úrskurð eigin fagfélags, *einnig getur nefndin tekið upp mál að frumkvæði stjórnar BÍG*. Í því tilviki sem við á vikur fulltrúi viðkomandi fagfélags af fundi og varamaður tekur við meðan nefndin fjallar um málið. *Nefndin getur leitað eftir álit utanaðkomandi sérfræðings*. Úrskurði nefndarinnar skal meðhöndla sem trúnaðarmál, þeir skulu vera skriflegir og birtir málsaðilum, stjórn BÍG og stjórn og siðanefnd viðkomandi aðildarfélags.“

Nokkrar umræðu urðu, en breytingartillaga Organon var lögð fyrir fundinn og hún samþykkt einróma. Stjórn falið að gera reglugerð um störf siðanefndar.

#### Tillaga frá stjórn BÍG um breytingar á lögum um ársþingsdagskrá:

„Ársþing Bandalags íslenskra græðara fer með æðsta vald í málefnum bandalagsins. Á ársþingi sem og aukþingi hafa einungis þingmenn aðildarfélaganna kjörgengi og atkvæðisrétt: Þingmaður skal vera fullgildur félagi og skal formaður aðildarfélags vera einn af þingmönnum ásamt fulltrúa félagsins í *stjórn BÍG*. Aðrir þingmenn skulu kosnir á aðalfundi

hvers aðildarfélags og fer fjöldi þeirra eftir fjölda fullgilda félagsmanna. Aðildarfélag með 3-50 fullgilda félagsmenn skal hafa 3 þingmenn og 3 varþingmenn, og fyrir hverja 50 fullgilda

félagsmenn þar yfir bætist við 1 þingmaður og 1 til vara. Áður en bandalagsþing hefst skulu þingmenn leggja fram kjörbréf frá félagi sínu til staðfestingar. Hver þingmaður hefur eitt atkvæði.

Stjórn bandalagsins ber ábyrgð á störfum, hagsmunum og eigum þess gagnvart aðildarfélagunum og bandalagsþingi. Ársþing skal haldið eigi síðar en í lok maí ár hvert og skal til þess boðað skriflega með þriggja vikna fyrirvara hið skemmsta. Fundartíma skal tilgreina í fundarboði svo og fundarefni. Í fundarboði skal einnig getið þeirra sem eru í framboði til formanns bandalagsins. Bandalagsþing telst löglegt hafi löglega verið til þess boðað. Stjórnin boðar til bandalagsþings, undirbýr það og sendir þingskjöl til aðildarfélaga minnst 14 dögum fyrir þingið.

Stjórn BÍG skipar kjörnefnd eigi síðar en viku fyrir ársþing og skal nefndin hefja störf þá þegar. Kjörnefnd þessi skal hafa það hlutverk að stjórna kosningu í embætti á ársþingi.

Í upphafi bandalagsþings skal kjósa sérstakan þingforseta og 2 þingritara eftir tilnefningu. Forseti og þingritarar skulu gera fundargerð bandalagsþings.

Dagskrá ársþings skal vera:

Þingsetning.

Kosning þingforseta og þingritara.

Þingfulltrúar kynni sig.

Fundargerð síðasta bandalagsþings borin upp til samþykktar.

Skýrsla formanns.

Reikningar bandalagsins lagðir fram til samþykktar.

Afgreiðsla tillagna til lagabreytinga.

Skýrslur aðildarféлага um starfsemi undangengins árs.

Skýrslur nefnda, umræða og fyrirspurnir.

Skýrsla NSK-fulltrúa.

Þingfulltrúar skipta sér í vinnuhópa um málefni og stefnumál bandalagsins (stjórn ákvarðar tímatakörk).

Fulltrúar vinnuhópa gera grein fyrir niðurstöðum hópavinnu.

Atkvæðagreiðsla um árgjald.

Kosning formanns.

Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara.

***Kosning í síðanefnd***

Önnur mál.

Sérstakur gestur þingsins flytur fræðsluerindi.

Þingslit.

Matar- og kaffihlé eftir ákvörðun stjórnar.“

Tillögur bornar upp í sitt hvoru lagi. Sú fyrri talin falla um sjálfa sig, sú seinni samþykkt.

Tillaga stjórnar BÍG um breytingar á 3. grein laga, lágmarksnámskröfur auknar:

Hjá bandalaginu skulu einnig liggja fyrir menntunarkröfur þess, sem skulu að lágmarki vera 660 kennslustundir, þar af 6 einingar í líffæra- og lífeðlisfræði og 6 einingar í sjúkdómafræði á framhaldsskólastigi, auk gilda skyndihjálparréttinda.

Tillaga felld.

Tillaga stjórnar BÍG um breytingar á 7. grein laga, þrenging á tímabili ársþings:

„Stjórn bandalagsins ber ábyrgð á störfum, hagsmunum og eigum þess gagnvart aðildarfélögunum og bandalagsþingi. **Árþing skal haldið á tímabilinu 1 maí til 30 maí ár hvert og skal til þess boðað skriflega með þriggja vikna fyrirvara hið skemmsta.** Fundartíma skal tilgreina í fundarboði svo og fundarefni. Í fundarboði skal einnig getið þeirra sem eru í framboði til formanns bandalagsins. Bandalagsþing telst löglegt hafi löglega verið til þess boðað. Stjórnin boðar til bandalagsþings, undirbýr það og sendir þingskjöl til aðildarfélaga minnst 14 dögum fyrir þingið.“

Tillaga samþykkt.

Tillaga CSFÍ, breytingar á 4. grein, viðbót:

**„Kostnaður stjórnar**

***Greiða má stjórnarmönnum og nefndarmönnum allan ferða-, hótél- og annan kostnað sem þeir kunna af eðlilegum ástæðum að verða fyrir vegna þátttöku á bandalagsþingi, stjórnarfundum eða í nefndarstarfi stjórnarmanna og við skyldustörf í þágu bandalagsins.“***

Tillaga samþykkt.

Tillaga SSOVÍ um breytingar á 4 grein, varðandi skipun og hlutverk stjórnar, starfsreglur ofl.

„Stjórn bandalagsins skal skipuð einum fulltrúa, og einum varafulltrúa frá hverju aðildarfélagi. Hvert aðildarfélag skipar sinn fulltrúa í stjórn, til tveggja ára í senn, æskilegt er að stjórnarmenn komi úr stjórn viðkomandi aðildarfélags. Skipun fulltrúa í stjórnina skal hagað þannig að aldrei fleiri en 2/3 stjórnarmeðlima ganga úr stjórninni samtímis. **Allir aðalmenn í stjórn BIG skulu vera skráðir græðarar.“**

Líflegar umræður, en vísað frá í bili.

Tillaga frá SFI barst varðandi kjör formanns, en var vísað frá vegna formgalla.

## **9. Skýrslur nefnda, umræða og fyrirspurnir**

Nefnd Dags græðara: Nefndin kom saman fyrst í marsmánuði og lagði drög að þessum atburði sem átti að vera 3.október 2009. Nefndin hélt reglulega fundi þar sem mikill vinna fór í skipulagningu dagsins til þess að hafa hann skemmtilegan og faglegan. Samhliða þessu átti að halda NSK- fundinn hér á landi. Ráðstefnan fór fram á Icelandair hótél og var ákveðið að hafa allan laugardaginn með áhugaverðum fyrirlestrum frá kl. 9.30 til 17.00, þar

komu fram fulltrúar aðildarfélagana ásamt öðrum, Susanne Nordling formaður NSK var líka með erindi.

Nefndin starfaði sjálfan daginn og tókst með ágætum. Því miður varð að fella árshátíðina niður vegna lélegrar þátttöku. Nefndin skilaði af sér skýrslu með tillögum fyrir næstu nef

Kynningar og almannatengslanefnd: Á árinu var sérblað Græðara helgað Degi Græðara með Fréttablaðinu þann 1. október. Áhersla á að fá eingöngu auglýsingar tengdar heilsu, fyrirbyggjandi og heilðrænum meðferðum. Auglýst eftir greinum og auglýsingum frá græðurum. Nefndin hittist reglulega og oft í tengslum við þá miklu vinnu sem útgáfa blaðsins krafðist. Áhersla var lögð á að kynna hvað BÍG stendur fyrir, sögu BÍG, lög um græðara og að gera skráningarkerfið sýnilegt m.a. með lista yfir Skráða græðara. Í blaðinu var efni var frá öllum sviðum fagfélaganna. Nefndin telur að æskilegt væri að vera með amk. 12 bls. blað næst. Skráningarkerfið borgaði fyrir síðuna þar sem listi yfir græðara var birtur – kostnaður við síðu hjá FB.er um 130.000kr. – 180.000kr. ( u.þ.b.)

Laganefnd: Nefndin óskaði ítrekað eftir nýjustu lögum frá félögunum en bárust þau í hendur seint og illa. Farið var yfir þau lög sem nefndinni bárust og gerðar hafa verið ýmsar athugasemdir. Öll félögin eru þó háð lögum BIG og það gerir lög hvers félags einungis fyllri að hafa sömu ákvæði í samræmi við þau lög en það er ekki nauðsynlegt. Laganefnd sendi inn 2 tillögur að lagabreytingum fyrir Bandalagið. Laganefnd hefur ekki lokið störfum.

Nefnd um virðisaukaskatt: Illa gengið að manna nefndina. Mikið safnast af gögnum þrátt fyrir það, og málin rædd víða. Fyrsti fundur boðaður strax að loknu ársþingi.

Preben J Pétursson segir lítillaga frá síðanefnd og fjárlaganefnd sem ekki hefur verið skipað í ennþá.

## **10. Árgjald**

Samþykkt að hafa það óbreytt 1.500 kr.

Undir þessum lið voru kosnir skoðunarmenn reikninga; Kristín S. Valgeirsdóttir, Hallfríður M. Pálsdóttir og til vara Jónína K. Berg.

Fundarstjóri leggur fram þau tilmæli stjórnar að þingfulltrúar skipi í hópastarf fyrir vinnuhópa þingsins.

Selma Júlíusdóttir frá ATFÍ biður um orðið og ræðir áherslur í hópastarfi. Gagnrýnir stjórn BÍG fyrir að vera stíf í regluverki og ræðir sjúkraskýrslur, hvað skuli standa í þeim og hvað ekki

og þær leiðir sem eru færar í þeim efnun. Umræður um orðalag ræðu Selmu hófust og

sýndist sitt hverjum. Fundarstjóri leggur til að þingið haldi sig við fundarsköp.

### **11. Skýrsla NSK fulltrúa, Sigrún Sigurðardóttir:**

Gagnagrunnur í undirbúningi til að bera saman starfsemi milli landa

Samstaða mikilvæg, fagleg vinnubrögð og sterk mynd útá við nauðsynleg

Áhersla á aukna menntun

Evrópa lítur á Norðurlönd sem fyrirmynd

NSK sendir fulltrúa á WHO ráðstefnur á hverju ári

Fulltrúi NSK fór á fund Heilbrigðisráðherra, ræddar tillögur um að fella niður VASK

Í Danmörku hefur verið reynt að fá aðrar heilbrigðisstéttir inní meðferðarsamtök

Skráningarkerfi er undirstaðan

Góð framvinda komin undir góðri þekkingu á fundarsköpum

BÍG er virkt í að koma með uppástungur um verklagsreglur NSK

Birna Imsland biður um orðið og leggur fram tillögu stjórnar BÍG að breytingu á tilhögun NSK funda á þann veg að fundir verði að jafnaði haldnir með fjarfundabúnaði, svo allir geti setið fundi án þess að þurfa að ferðast til þess. Þetta minnki kostnað og fyrirhöfn. Umræður skapast og samþykkt að þetta séu tilmæli þingsins til NSK.

### **13. Hópastarf**

Þingfulltrúar skiptast í vinnuhópa og gera svo grein fyrir niðurstöðum þeirrar vinnu.

Sjúkraskýrslur: CSFÍ, FÍHN, Organon, ATFÍ, FL: Fóru yfir lögini um sjúkraskýrslur, þau eru aðeins til fyrir heilbrigðisstarfsmenn, en eru til hliðsjónar fyrir græðara. Lögini varða Persónuvernd, en upplýsingar eru á leiðinni til aðildarfélaganna frá þeim. Engin skylda er fyrir græðara að gera sjúkraskýrslur, rætt um að það gæti verið hlutverk eða einnig á ábyrgð meðferðarþega að geyma sjúkraskýrslur. Hópurinn mun starfa áfram.

Kynning á starfsemi græðara: CSFÍ, FÍHN, Cranio, Organon, ATFÍ: Lagt til að kosin verði fjölmiðlafulltrúi til tveggja ára í senn og væri starfssvið hans í samræmi við almannatengslastörf hvers konar. Búa til facebooksíður fyrir BÍG og Dag græðara og fleiri atburðasíður á facebook. Nýta fría fjölmiðla eins mikið og hægt er.

Samstarf við NLFÍ: CSFÍ, FÍHN, FL, SFÍ, Cranio: Kynnt hvernig mætti haga samstarfi beggja félaga, hafa samband við yfirlækni og fá hann til að vera með fyrirlestur á næsta BÍG þingi. Aðildarfélögin mæti líka á HNLFI að halda fyrirlestra. Hafa samstarf með rannsóknir. Hvetur félaga að gerast félagar NLFÍ.

10 ára afmælishátíð: CSFÍ, FÍHN, Cranio, ATFÍ, Organon: Telja afmælisnefnd vera að vinna frábært starf. Benda á að það ætti að leyfa Heilsuhringnum að vera með kynningarborð. Setja lokafrest á dagsetningar til lokaskráningar skýrt fram.

#### 14. Kosning formanns

Í framboði til formanns voru þær Anne May Sæmundsdóttir frá ATFÍ og Freygerður Anna Ólafsdóttir frá CSFÍ. Flutti Freygerður kynningu á sjálfri sér, en Birna Imsland las bréf frá Anne May í hennar fjarveru. Að því loknu var gengið til leynilegrar atkvæðagreiðslu, atkvæði talin og fóru þau þannig:

**Freygerður Anna Ólafsdóttir: 11 atkvæði**

**Anne May Sæmundsdóttir: 14 atkvæði.**

**Anne May Sæmundsdóttir telst því réttkjörin formaður BÍG 2010 – 2012.**

#### 17. Önnur mál

Kristín Sjöfn Valgeirsdóttir; Gagnrýnir skráningarferlið í skráningarkerfinu, lítill hjálp hafi borist frá BÍG þegar félagið hafi sótt um aðild að sambandinu. Formsatriði látin skipta of miklu máli. Lilja Oddsdóttir svarar því að félögin fái þá hjálp sem þau biðji um.

Birna Imsland leggur til fyrir hönd stjórnar BÍG tillögur um breytingar á gjaldskrá vegna skráningar og viðhalds skráningar í frjálssu skráningarkerfi græðara:

1. gr.

Bandalagi íslenskra græðara er heimilt að innheimta skráningargjald sem standa skal undir kostnaði við skráningu hvers græðara og rekstri og viðhaldi skráningarkerfisins.

2. gr.

Frumskráningargjald:

Með frumskráningargjaldi er átt við gjald vegna fyrstu skráningar græðara í frjálssu skráningarkerfi græðara.

a. Gjald fyrir frumskráningu græðara í skráðu félagi græðara, aðalgrein kr. 5.000

b. Fyrir hverja skráða aukagrein kr. 1.500

c. Gjald fyrir frumskráningu græðara utan skráðs félags græðara, aðalgrein allt að kr.

**20.000**

d. Fyrir hverja skráða aukagrein **allt að kr. 6.000**

Sæki græðari síðar um skráningu aukagreinar skal hann við fyrstu skráningu hennar greiða frumskráningargjald fyrir aukagrein.

Árlegt þjónustugjald vegna skráningar í skráningarkerfi:

Með árlegu þjónustugjaldi er átt við gjald sem græðari greiðir til Bandalags íslenskra græðara til að viðhalda skráningu sinni í frjálssu skráningarkerfi græðara **og vegna annars kostnaðar.**

a. Árlegt þjónustugjald vegna skráningar græðara í skráðu félagi græðara, aðalgrein, allt að kr. 2.500.

b. Árlegt þjónustugjald vegna skráningar græðara utan skráðs félags græðara, aðalgrein, allt að kr. 5.000.

***Breytingagjald vegna breytingar á skráningu í skráningarkerfi:***

***Með breytingagjaldi er átt við gjald sem græðari greiðir til Bandalags íslenskra græðara vegna breytinga sem hann fer fram á að gerðar séu á skráðum upplýsingum um hann, svo sem breytingu á starfsstöð.***

***a. Þjónustugjald vegna breytingar á skráningu græðara í skráðu félagi græðara, aðalgrein, allt að kr. 2.500 fyrir hverja beiðni græðara um breytingu.***

***b. Þjónustugjald vegna breytingar á skráningu græðara utan skráðs félags græðara, aðalgrein, allt að kr. 5.000 fyrir hverja beiðni græðara um breytingu.***

Endurskráningargjald:

Með endurskráningargjaldi er átt við gjald sem innheimta skal þegar græðari, sem að eigin ósk hefur verið afskráður úr frjálsu skráningarkerfi græðara óskar eftir því að vera skráður í kerfið á ný eða græðari sem tekinn hefur verið af skrá óskar eftir endurskráningu.

a. Gjald fyrir endurskráningu græðara í skráðu félagi græðara, aðalgrein kr. 5.000

b. Fyrir hverja aukagrein kr. 1.500

c. Gjald fyrir endurskráningu græðara utan skráðs félags græðara, aðalgrein kr. 10.000

d. Fyrir hverja aukagrein kr. 3.000

3. gr.

Frumskráningargjald skal greiða Bandalagi íslenskra græðara um leið og umsókn um frumskráningu í skráningarkerfið er lögð fram. Sama gildir um endurskráningargjald.

Breytingagjald skal greitt um leið og beiðni um breytingu er lögð fram.

***Bandalagi íslenskra græðara er heimilt að innheimta árlega þjónustugjald*** hjá skráðum græðara til að standa undir rekstri og viðhaldi skráningarkerfisins. Gjaldldagi árlegs skráningargjalds vegna skráningar í skráningarkerfið *er þá 15. apríl og eindagi 15. maí.*

Hafi gjaldið ekki verið greitt á eindaga greiðast dráttarvextir frá gjaldldaga.

4. gr.

Gjaldskrá þessi sem er sett skv. 3. gr. laga nr. 34/2005 um græðara skal birt í B-deild Stjórnartíðinda, skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað nr. 15/2005 og öðlast gildi við birtingu.

*Reykjavík, (dagsetning eftir því sem við á).*

Undirskrift eftir því sem við á.

Umræður um þessa tillögu eru nokkrar, en eru samþykktar í heild sinni.

Ólafur Þ. Jónsson leggur til að Cranio – félögin tvö og svæðanuddfélögin tvö sameinist heildinni til heilla.

#### **14. Þingslit**

Fráfarandi formaður Lilja Oddsdóttir tekur til máls og færir þeim blóm og þakkir sem nú eru að hverfa frá störfum fyrir BÍG. Hún þakkar fyrir sig og fundarstjóra fyrir sín störf.

Þingi slitið kl 17.18

Ágústa K. Andersen  
þingritari

Staðfest: Lilja Oddsdóttir  
formaður

---

---

